

FUNDARGERÐ

Aðalfundar Solid Clouds hf. miðvikudaginn 25. maí 2022, kl. 16:00

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra
2. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár
3. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir síðastliðið rekstrarár
4. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári
5. Samþykkt starfskjarastefnu félagsins
6. Tillaga um breytingu á samþykktum til að heimila hækkan hlutafjár vegna kaupréttarsamninga
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins
8. Kjör endurskoðanda félagsins
9. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda
10. Önnur mál
 - 10.1. Kynning á nýjasta leik félagsins Starborne Frontiers

1. Kosning fundarstjóra

Formaður stjórnar, Sigurlína Ingvarsdóttir, setti aðalfund félagsins og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga stjórnar var að Höskuldur Þór Þórhallsson, yrði skipaður fundarstjóri og bárust ekki athugasemdir við þá tillögu. Fól stjórnarformaður fundarstjóra stjórn fundarins. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Einar Örn Ævarsson yrði kjörin fundarritari. Ekki bárust athugasemdir við þá tilhögun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Til fundarins var boðað með Kauphallartilkynningu þann 10. maí sl. auk auglýsingar í dagblaði sama dag, með tilvísun í tilkynninguna. Boðun var innan tilsettra tímafresta skv. 1. mgr. 13. gr. samþykkta félagsins og 88. gr. laga nr. 2/1995.

Fundarefnis var getið í fundarboði skv. 2. mgr. 13. gr. samþykkta félagsins og lá dagskrá fundarins fyrir.

Tekin var saman skrá yfir hluthafa og atkvæði þeirra sem mættu á fundinn sbr. 3. mgr. samþykkta félagsins og 4. mgr. 90. gr. laga nr. 2/1995. Mætt var á fundinn fyrir 69.4% af virku hlutafé.

Fundarstjóri úrskurðaði í kjölfarið fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

Á fundinn mættu stjórnarmenn félagsins. Fulltrúi endurskoðanda félagsins, Þórdís Bjarnadóttir sat fundinn. Þá voru forstjóri og fjármálastjóri félagsins viðstödd fundinn.

Gengið var til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár

Formaður stjórnar, Sigurlína Ingvarsdóttir, gerði grein fyrir starfi stjórnar á undangengnu starfsári félagsins.

3. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir síðastliðið rekstrarár

Fjármálastjóri Solid Clouds hf. gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir árið 2021.

Eftirfarandi tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

„*Stjórn Solid Clouds hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2021 verði samþykktur.*“

4. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu um hvernig skyldi farið með tap félagsins:

„*Stjórn Solid Clouds hf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna næstliðins rekstrarárs.*“

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

5. Samþykkt starfskjarastefnu félagsins

Stjórn Solid Clouds hf. lagði til við aðalfundinum að starfskjarastefna yrði samþykkt.

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að samþykkja starfskjarastefnu.

Starfskjarastefnan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða og því með tilskildum meirihluta atkvæða.

6. Tillaga um breytingu á samþykktum til að heimila hækjun hlutafjár vegna kaupréttarsamninga

6

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar og gerði grein fyrir því að í tillögunni fælist hækkun á núverandi heimild stjórnar um kr. 2.500.000 og að settur verði gildistími á tillöguna.

Stjórn Solid Clouds hf. lagði fram eftirfarandi tillögu.

“Í stað orðanna 8.814.000 í 4. gr. samþykktá félagsins komi 11.314.000.

Við greinina bætist setningin - Heimildin fellur niður þann 25. Maí 2027, að því leyti sem hún er þá ónýtt. “

4. gr. samþykktanna hljóðar því þannig:

“Hlutafél félagsins er kr. 184.198.626, eitt hundrað áttatíu og fjórar milljónir eitt hundruð, níutíu og átta þúsund sex hundruð tuttugu og sex krónur-. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1 - ein króna - að nafnverði. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða hækkun hlutafjár um allt að kr. **11.314.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta, í einu lagi eða í áföngum. Heimild þessa má einungis nota í tengslum við efndir kaupréttarsamninga við starfsmenn og verktaka félagsins. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að hlutum sem gefnir eru út samkvæmt heimild þessari. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá þeim degi sem þeir eru afhentir starfsmanni eða verktaka skv. skilmálum kaupréttarsamnings. **Heimildin fellur niður þann 25. maí 2027, að því leyti sem hún er þá ónýtt.**“**

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða. 4.7% sátu hjá.

Tillagan var því samþykkt með vísan til 5. gr., sbr. 26. gr. samþykktá félagsins þar sem fleiri en 2/3 hlutar greiddra atkvæða samþykktu tillöguna svo og þeirra sem ráða minnst yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé.

Fundarstjóri upplýsti fundarmenn um að ensk þýðing samþykktanna yrði uppfærð til samræmis við breytinguna og birt áheimasíðu félagsins.

7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins

Eftirtaldir aðilar buðu sig fram til stjórnar:

Sigurlína Ingvarsdóttir	kt. 141178-4319
Ólafur Andri Ragnarsson	kt. 211066-4829
Guðmundur Ingí Jónsson	kt. 031071-4379
Eggert Árni Gíslason	kt. 240761-2119
Svanhvít Friðriksdóttir	kt. 191078-5359

Eftirtaldir aðilar buðu sig fram til varastjórnar:

Heimir Þorsteinsson	kt. 200670-3889
Ársæll Valfells	kt. 301272-4569

6.

Brynjólfur Erlingsson

kt. 171177-4649

Þar sem fleiri gáfu ekki kost á sér til setu í stjórn voru ofangreindir aðilar sjálfkjörnir og þar með rétt kjörnir til setu í stjórn Solid Clouds hf. til næsta aðalfundar.

8. Kjör endurskoðanda félagsins

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar:

„Stjórn Solid Clouds hf. leggur til við aðalfund félagsins að Deloitte ehf. verði endurskoðunarfyrirtæki félagsins.“

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

9. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar:

„Stjórn Solid Clouds hf. leggur til við aðalfund félagsins að stjórnar- og nefndarlaun verði eftirfarandi:

Laun stjórnarformanns verði 400.000 kr. á mánuði

Laun aðalmanns verði 100.000 kr. á mánuði

Laun varamanna verði 50.000 á mánuði

Ekki verði greitt fyrir önnur nefndarstörf

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

10.1. Kynning á nýjasta leik félagsins Starborne Frontiers

Forstjóri félagsins, Stefán Gunnarsson fór yfir næstu skref varðandi útgáfu Starborne Frontiers og þróun hans. Auk þess voru sýnd myndbrot úr leiknum.

Ekki voru fleiri mál á dagskrá fundarins.

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til að ganga frá fundargerð.

Var fundi slitið kl. 16:43

Höskuldur Þór Þórhallsson, fundarstjóri

Einar Örn Ævarsson, fundarritari

Höskuldur Þór Þórhallsson

Einar Örn Ævarsson